



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Gæðahandbók SÍ

Verklagsreglur vegna eftirlits

Útgáfunúmer
Ábm: Deildarstjóri
eftirlitsdeildar
Höf: Ari Matthíasson
Dags. útg.: 18.2.2022

Tilgangur

Að uppfylla skilyrði 45., 46. og 50. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar um eftirlitsskyldu Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) með starfsemi samningsaðila og þeirra þjónustuveitanda sem þiggja greiðslur frá stofnuninni. Á einnig við þegar ekki er í gildi samningur og starfað eftir gjaldskrá sem byggist á reglugerð sbr. 38.gr. SÍ ber að hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem m.a. miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga eða eftir atvikum að reikningsgerð sé í samræmi við veitta þjónustu og gjaldskrá stofnunarinnar. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Gildissvið

Umræddar verklagsreglur eiga við um alla starfsemi SÍ sem snýr að eftirliti og taka til allra starfsmanna stofnunarinnar er sinna eftirlitshlutverki SÍ.

Ábyrgð

Deildarstjóri eftirlitsdeildar

Skilgreiningar

Persónuupplýsingar: Upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling (skráðan einstakling). Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Viðkvæmar persónuupplýsingar:

- Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.
- Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- eða vímuefnanotkun.
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
- Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklings og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
- Lífkennuupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem með andlitsmynd eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Gæðahandbók Sí

Verklagsreglur vegna eftirlits

Útgáfunúmer
Ábm: Deildarstjóri
eftirlitsdeildar
Höf: Ari Matthíasson
Dags. útg.: 18.2.2022

Framkvæmd

Tilurð eftirlits

Tilurð eftirlits getur til dæmis komið í kjölfar ábendinga frá veitendum heilbrigðisþjónustu, notendum þjónustunnar eða starfsmönnum stofnunarinnar sem annast greiðslur til samningsaðila eða þjónustuveitenda. Eftirlitsmál geta einnig stofnast í kjölfar tölulegrar greiningar á greiðslum úr sjúkratryggingum vegna þjónustunnar. Þá getur eftirlit hafist í kjölfar áhættumats greiðslna í ákveðnum málaflokkum.

Embætti landlæknis hefur eftirlit með að veitendur heilbrigðisþjónustu uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu.

Ríkisendurskoðun hefur heimild til eftirlits með framkvæmd samninga sem gerðir eru við sveitarfélög eða einkaaðila, sbr. d. lið 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Sú heimild nær bæði til fjárhagsendurskoðunar og stjórnásluendurskoðunar.

Framkvæmd eftirlits

Eftirlit hefst með því að fulltrúar Sí óska eftir skýringum eða eftir atvikum gögnum vegna þeirra þátta sem verið er að skoða í málinu. Eftirlit Sí getur m.a. falið í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við veitendur heilbrigðisþjónustu og heimsóknnum á starfsstofur þeirra. Veitendum heilbrigðisþjónustu er skylt að veita Sí eða skilgreindum starfsmönnum Sí þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna eða vegna eftirlitshlutverks hennar sbr. 45., 46. og 50. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Berist kvartanir frá sjúkratryggðum varðandi framkvæmd þjónustuveitanda á þeirri þjónustu sem um er samið, eða eftir atvikum greitt er fyrir af Sí skv. gjaldskrá, eða Sí telja að þjónustuveitandi uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt skilmálum viðkomandi samnings eða reglugerðar, geta Sí: a) Sent viðkomandi þjónustuveitanda skriflega fyrirspurn og óskað eftir skýringum, b) Hafið eftirlit á grundvelli kvörtunar, c) Ákveðið heimsókn til þjónustuveitanda vegna eftirlits, rætt málið og gefið viðkomandi kost á að tjá sig. Þjónustuveitanda skal gefinn frestur, sem almennt skal ekki vera lengri en tvær vikur, til að lagfæra þau atriði sem talið er að úrskeiðis hafi farið eða gera annars grein fyrir sjónarmiðum sínum. Viðkomandi skal gerð grein fyrir hvaða vanefndarræði komi til greina, verði hann ekki við beiðni Sí um breytt verklag, og honum gefinn kostur á að tjá sig um þau komi til þess að þeim verði beitt.

Hafi þjónustuveitandi ekki brugðist við erindi Sí á fullnægjandi hátt, innan þess frests sem honum er veittur, telst það vanefnd á samningi eða eftir atvikum brot á reglugerð og/eða gjaldskrá. Getu Sí þá án frekari fyrirvara gripið til þeirra sérstöku vanefndaúrræða sem upp eru talin í lögum um sjúkratryggingar, s.s. takmarka magn og tegund þjónustu, sagt samningi upp með umsömdum fyrirvara eða rift samningi tafarlaust, teljist vanefndir vera verulegar. Sí geta jafnframt krafist endurgreiðslu eða beitt öðrum vanefndaúrræðum, þ.á m. skaðabóta, eftir því sem við á hverju sinni.

Úrvinnsla

Í aðdraganda málsins og við yfirferð gagnanna geta fulltrúar Sí þurft að ráðfæra sig við sérfræðinga eða fagfólk innan eða utan Sí í viðkomandi fagi. Þá skal eftir atvikum hafa samráð við samningadeild og/eða lögfræðinga stofnunarinnar.



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Gæðahandbók SÍ

Verklagsreglur vegna eftirlits

Útgáfunúmer
Ábm: Deildarstjóri
eftirlitsdeildar
Höf: Ari Matthíasson
Dags. útg.: 18.2.2022

Við móttöku gagnanna skal fara eftir *Verklagsreglum SÍ um móttöku gagna* sem finna má í Gæðahandbókinni.

Móttaka og vinnsla gagna

Þegar SÍ óska eftir persónugreinanlegum gögnum frá veitendum heilbrigðisþjónustu á grundvelli 50. gr. laga um sjúkratryggingar skulu ávallt fylgja leiðbeiningar til veitanda þar sem fram kemur hvernig skuli skila gögnunum í Gagnagátt SÍ. Þegar SÍ kalla eftir gögnum vegna eftirlits skal gæta meðalhófs við söfnun gagna, þ.e. aðeins afla gagna sem eru nauðsynleg fyrir vinnsluna.

Gögnin skulu send í Skjalaskil Gagnagáttar undir rafræn skil merkt eftirlit. Þegar þess er kostur skal óskað eftir því við veitanda þann sem sendir gögnin að hann eyði skjalinu úr Gagnagátt eftir að SÍ hafa staðfest móttöku skjalsins. Einungis þeir starfsmenn sem sinna eftirliti hjá SÍ eiga að hafa aðgang að þessu svæði í Aðsendum skráum í Skjalakerfinu.

Þegar skrá með persónugreinanlegum gögnum er móttokin frá veitanda skal vista hana í OneCRM undir viðskiptamanninum *SÍ – Eftirlit*. Vista skal gögnin undir möppu viðkomandi málaflokks og í undirmöppu viðkomandi máls eftir atvikum. Þegar skjalið hefur verið vistað í OneCRM skal það merkt afgreitt í Aðsendum skráum í Skjalakerfi.

Einungis þeir starfsmenn sem sinna eftirliti hjá SÍ hafa aðgang að skjölum sem vistuð eru undir viðskiptamanninum SÍ – Eftirlit í OneCRM. Fyllsta öryggis og trúnaðar er ávallt gætt við vinnslu eftirlitsmála og í hvívetna er þess gætt að einungis þeir starfsmenn sem vinna mál hafi aðgang að persónugreinanlegum gögnum.

Niðurstaða eftirlitsmáls

Við úrvinnslu eftirlitsmála hefur starfsfólk eftirlitsdeildar stjórnáslög, nr. 37/1993, að leiðarljósi og gætir meðalhófs.

Ef niðurstaða eftirlitsmála er að beita skuli **endurkröfu** þá gildir eftirfarandi: Þegar eftirlitsdeild hefur tekið ákvörðun um endurkröfu þá er fyllt út endurkröfuform (Ákvörðun um endurkröfu) sem vistað er á K-drifi undir Endurkröfur SÍ og fjármálasviði gert viðvart um nýja kröfu. Fjármálasvið stofnar endurkröfuna á viðkomandi viðskiptamann og leiðbeinir honum um greiðslur samkvæmt henni.

Einnig kann að koma til þess að SÍ veiti þeim sem eftirliti sætir **viðvörðun** sbr. 2. tl. 48. gr. laga um sjúkratryggingar. Slík viðvörðun getur þýtt að SÍ muni ekki taka þátt í frekari kostnaði vegna veittrar þjónustu gerist viðkomandi aftur brotlegur samkvæmt viðkomandi samningi eða gjaldskrá. Hið sama á við þegar um brot er að ræða gegn lögum og/eða reglugerðum sem gilda um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna. Á sama hátt getur slík viðvörðun haft áhrif á aðild viðkomandi að samningi við SÍ, komist slíkur samningur á, í hvaða formi sem hann kann að verða.

Við lok eftirlitsmála sem lýkur með viðvörðun og/eða endurkröfu munu SÍ einnig tilkynna Embætti landlæknis um niðurstöðu málsins, sbr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar og lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 eða til Lyfjastofnunar, sbr. eftirlitshlutverk þeirra (48. gr.).



**Sjúkratryggingar
Íslands**

Gæðahandbók SÍ

Verklagsreglur vegna eftirlits

Útgáfunúmer
Ábm: Deildarstjóri
eftirlitsdeildar
Höf: Ari Matthíasson
Dags. útg.: 18.2.2022

Ákvörðun SÍ

Þegar ákvörðun hefur verið tekin vegna eftirlits er hún birt aðila málsins í gegnum Gagnagátt SÍ. Við ákvörðunartöku skal taka mið af vanefndaúrræðum stofnunarinnar, sbr. 48. gr. laga um sjúkratryggingar og/eða vanefndaúrræðum í samningum eða reglugerðum eftir atvikum.

Fordæmaskráning

Þegar að máli lýkur skal skrá helstu niðurstöður þess í fordæmaskráningarskjal eftirlits.

Í reitinn stikkorð er hægt að skrá helstu atriði eftirlitsins þannig að hægt sé að leita eftir ákveðnum atvikum að fordæmi sambærilegra mála. Í reitinn ákvæði skal skrá þau ákvæðum um vanefndir eða annað sem beitt var í málinu eftir því sem við á. Í reitnum helstu niðurstöður er hægt að skrá í stuttu máli hver niðurstaða málsins var.

Fordæmaskráningin er vistuð undir slóðinni: SÍ – Eftirlit í OneCRM.

Minnisblað

Þegar eftirliti er lokið skal skrifa minnisblað vegna eftirlitsins. Í því skal koma fram:

- Hver tilurð eftirlitsins er.
- Að hvaða veitendum heilbrigðisþjónustu eftirlitið sneri.
- Hvaða gögnum var óskað eftir.
- Helstu niðurstöður eftirlitsins.
- Ábendingar til stjórnenda og samninganefndar ef við á.

Komi fram ábendingar í minnisblaðinu til stjórnenda SÍ um þörf á breytingum skal skjalið sent til viðeigandi aðila innan stofnunarinnar. Vista skal minnisblöð vegna eftirlits í OneCRM undir slóðinni SÍ-Eftirlit / Eftirlit / Minnisblöð.

Árleg samantekt um helstu niðurstöður eftirlits

Í byrjun hvers árs skal gera samantekt eftirlitsmála frá fyrra ári þar sem fram kemur hvaða verkefnum eftirlitsdeild hefur sinnt á árinu, hverjar niðurstöður eftirlitsins voru auk upphæðar þeirra endurkrafna sem hafa verið gerðar, bæði niður á einstaka starfsgreinar veitenda heilbrigðisþjónustu og heildarupphæð.